

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 14. júlí 2017  
UST201707-137/B.S.  
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Alifuglahús að Sveinbjarnargerði – endurbygging.  
Umsögn**

Vísad er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða nýbyggingu á grunni eldri húss. Grunnflötur nýrrar byggingar verður nokkuð stærri og hærri en eldri bygging. Fjöldi varphæna er nú 8.000 en ráðgert er að fjölga þeim í 12.000. Fram kemur í greinargerð að sótt verði um endurnýjað starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Um er að ræða stækkun hænsnabús sem hefur verið rekið að Sveinbjarnargerði um árabil. Umhverfisáhrif búsins eru þekkt auk þess sem eftirlit er haft með starfseminni í samræmi við starfsleyfi.

Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum mundi vart bæta við upplýsingum um reksturinn og áhrif hans sem ekki liggja nú þegar fyrir.

Umhverfisstofnun telur hlutverk leyfisveitanda að ákveða hvort ásættanlegt sé að stækka búið með tilliti til næstu nágranna sbr. reglugerð nr. 502/2015 um eldishús alifugla ofl.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur